

## GJALDSKRÁ

### fyrir vatnsveitu Sveitarfélagsins Voga.

#### 1. gr.

##### *Árlegt vatnsgjald.*

Íbúðir: 0,19% af fasteignamati.

Atvinnuhúsnæði: 0,19% af fasteignamati.

Atvinnuhúsnæði: 14 krónur á tonn eftir mæli.

#### 2. gr.

##### *Stofngjald vatnsveitu.*

Stofngjald vatnsveitu skal vera ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

32 mm heimæð	70%
40 mm heimæð	100%
50 mm heimæð	150%
63 mm heimæð	300%
75 mm heimæð	450%
90 mm heimæð	550%

Semja skal sérstaklega um stofngjald vatnsveitu á stöðum fjarri dreifikerfislögnum vatnsveitu eða þar sem lengd heimæðar er yfir 50 m.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir vatnsveitu Sveitarfélagsins Voga nr. 96/2017.

Samþykkt í bærarstjórn Sveitarfélagsins Voga 29. nóvember 2017.

*Vogum, 22. janúar 2018.*

**Ásgeir Eiríksson** bærarstjóri.